

1. júní 2015
Tilvísun 1505039

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði o.fl.

Með tölvupósti dags. 7. maí sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði o.fl., lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi, 622. mál.

Seðlabankinn vekur athygli á því að orðalag 1. gr. frumvarpsins um breytingu á 4. mgr. 16. gr. a. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, er lýtur að refsíabýrgð lögaðila, samræmist ekki orðalagi annarra sambærilegra ákvæða frumvarpsins. Í 1. gr. frumvarpsins er vísað til „fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans“ en í öðrum ákvæðum frumvarpsins er vísað til „fyrirsvarsmanns lögaðilans, starfsmanns hans eða annars aðila sem starfar á hans vegum“. Orðalag annarra ákvæða hefur víðtækari skírskotun en 1. gr. frumvarpsins. Seðlabankinn telur ekki ástæðu til þess að orðalag 4. mgr. 16. gr. a. laga um gjaldeyrismál verði þrengra en önnur sambærileg ákvæði sem gilda á fjármálamarkaði. Í ljósi þess markmiðs frumvarpsins, að samræma viðurlagaákvæði laga sem gilda á fjármálamarkaði, telur Seðlabankinn að breyta eigi orðalagi 1. gr. frumvarpsins þannig að samræmis sé gætt að þessu leyti.

Seðlabankinn vill jafnframt vekja athygli á að í almennum athugasemdum frumvarpsins segir að „[s]amþykki málsaðila [þurfi] til þess að ljúka máli með stjórnvaldssekt vegna brota á lögum um gjaldeyrismál nema brotið sé meiri háttar og beita þurfi refsiviðurlögum.“ Þess fullyrðing er röng. Hið rétta er að stjórnvaldssektum verður beitt vegna brota á lögum um gjaldeyrismál, sem ekki eru talin meiri háttar, *óháð* samþykki hins brotlega aðila. Seðlabankinn hefur þó heimild til þess að ljúka málum vegna þessara brota með sátt með samþykki málsaðila. Samkvæmt lögum um gjaldeyrismál ber Seðlabankanum að vísa til lögreglu meiri háttar brotum á lögum.

Þá vill Seðlabankinn jafnframt vekja athygli á því, að ákvæði frumvarpsins sem varðar lög um gjaldeyrismál munu ekki leiða til þess að unnt verði að ljúka fleiri málum með álagningu stjórnvaldssektar, líkt og fram kemur í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem fylgir frumvarpinu. Seðlabankinn telur þó breytingar þess efnis nauðsynlegar, en því var komið á framfæri í starfi nefndarinnar um endurskoðun viðurlagaákvæði laga á fjármalamarkaði o.fl.

Að öðru leyti en að ofan greinir styður Seðlabanki Íslands frumvarpið og framgang þess.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Rannveig Jóníusdóttir
forstöðumaður